

**Ársskýrsla
undanþágunefndar grunnskóla
2008-2009**

október 2009

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Nefndin metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Nefndin er þannig skipuð: Sigríður Lára Ásbergsdóttir, formaður og fulltrúi menntamálaráðuneytis, Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Guðmundur B. Kristmundsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins. Varamenn eru: Erla Ósk Guðjónsdóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis, sem jafnframt er starfsmaður nefndarinnar, María Steingrimsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins, Þórunn V. Jónasdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Björn Þráinn Þórðarson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skipunartímabil nefndarinnar er frá 2. maí 2007 til 1. maí 2011.

Skv. *reglugerð um undanþágunefnd grunnskóla nr. 751/1998* ber nefndinni að senda menntamálaráðherra og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina, skýrslu um starfsemi nefndarinnar á liðnu almanaksári. Umsóknir um undanþágur og heimildir undanþágunefndar miðast hins vegar oftast við það að skólastjóra er veitt heimild að ráða til kennslu starfsmann án kennsluréttinda tiltekið skólaár. Allar skráningar í nýjum gagnagrunni, sem undanþágunefnd grunnskóla hefur tekið til notkunar, miðast einnig við heilt skólaár. Þess má geta að í drögum að reglugerð um starfsreglur undanþágunefndar grunnskóla sem sett verður við lög um menntun og ráðningu er gert ráð fyrir að skýrsla um starfsemi nefndarinnar miðist við liðið skólaár hverju sinni.

Undanþágunefnd grunnskóla vekur athygli á að upplýsingar þær sem birtar eru í þessari skýrslu miðast við umsóknir frá 1. ágúst 2008 til og með 31. júlí 2009 eða allt skólaárið 2008-2009.


Hér á eftir má finna nokkrar tölulegar samantektir. Til samanburðar eru upplýsingar fyrir tímabilið 2002-2008. Vakin er athygli á að í skýrslunni eru eingöngu þeir taldir sem **samþykktir** voru af nefndinni.

Alls voru teknar 654 umsóknir til afgreiðslu hjá undanþágunefnd grunnskóla vegna skólaársins 2008-2009. **Af þeim samþykkti nefndin alls 477 umsóknir** en synjaði 177.

Sbr. skýrslu nefndarinnar fyrir skólaárið 2007-2008 er hér um að ræða 5,7% fækkun samþykkttra umsókna milli ára.

Afgreiðsla umsókna							
	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
Samþykktar af nefnd	73%	72%	74,9%	77,7%	81,7%	81,4%	80,4%

Samþykktar umsóknir eftir landshlutum								
	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03	01/02
Reykjavík	103	110	72	72	84	122	162	133
Reykjanes	181	169	117	107	113	122	184	155
Vesturland	21	35	28	33	46	56	44	43
Vestfirðir	26	27	18	24	51	51	55	61
Norðurland vestra	15	14	24	30	33	57	60	54
Norðurland eystra	36	39	36	58	76	101	88	80
Austurland	41	52	47	42	54	63	61	54
Suðurland	54	60	69	73	70	95	64	64
Samtals	477	506	411	439	527	667	718	644
Breyting í % á milli ára	-5,7	23,1	-7,5	-16,7	-21	-7	11,5	1,6



	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04
Starfsmenn í fjarnámi	159	196	176	146	176	201

Umsækjendur í fjarnámi voru 33,3% samþykktar umsækjenda. Það er 18,9% fækkun frá árinu áður.


Grunnmenntun umsækjenda er greind í 11 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Ph.cand, MA, Cand.mag, Cand.phil, Cand.psyk og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar.
11. Prestar.

Menntun umsækjenda samkvæmt menntunarflokkum								
	08/09	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
Menntunarflokkur	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%
1	9	1,9	1,0	1,0	2,3	1,3	2,3	1,8
2	4	0,8	1,2	0,5	1,4	1,9	1,5	2,4
3	10	2,1	1,2	0,5	1,6	1,1	1,0	0,4
4	48	10,1	9,7	9,5	10,9	12,3	8,8	9,6
5	17	3,6	3,0	7,1	4,3	3,8	4,2	6,4
6	19	4	3,4	6,6	5,2	5,5	14,4	18,4
7	63	13,2	11,9	8,0	6,8	6,1	7,9	11,6
8	140	29,4	35,4	36,7	33,3	34,3	37,3	25,8
9	9	1,9	1,4	0,7	2,7	2,8	2,1	3,5
10	156	32,6	31,8	29,4	30,3	29,8	19,8	18,8
11	2	0,4	0,2	0,0	1,1	0,9	0,6	1,4
Samtals	477							

Af 477 umsóknum voru 339 umsóknir vegna kvenna og 138 vegna karla. Hér að neðan má sjá fjölda og hlutfall kvenna og karla eftir menntun í töflu og súluriti.

Hlutfall kvenna og karla eftir menntun				
Menntunarflokkur	Konur	%	Karlar	%
1	8	2,4	1	0,7
2	4	1,8	0	0,0
3	8	2,4	2	1,4
4	34	9,9	14	10,2
5	15	4,3	2	1,4
6	8	2,4	11	7,9
7	39	11,5	24	17,5
8	100	29,0	40	29,0
9	5	1,5	4	2,9
10	117	34,5	39	28,3
11	1	0,3	1	0,7
Samtals	339		138	



Þegar umsóknirnar eru flokkaðar eftir starfsreynslu starfsfólks kemur í ljós að flestir þeirra hafa enga starfsreynslu eða 199. Næststærsta hópin skipa starfsfólk með eins til tveggja ára starfsreynslu. Nánari flokkun má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Starfsreynsla umsækjenda við kennslustörf								
	08/09	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%
6 ár eða meiri	75	15,8	9,5	12,7	13,7	10,3	18,6	16,7
3-5 ár	55	11,5	19,5	31,1	41,2	15,7	24,6	20,8
1-2 ár	148	31	24,9	32,8	17,5	49,7	32,5	32,9
Engin	199	41,7	46,1	23,4	27,6	24,3	24,3	29,7
Samtals	477							

Hér að neðan er tafla sem sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein.

Skipting umsækjenda eftir kennslugreinum					
Almenn kennsla	150	Samfélagsgreinar	11	Myndmennt	3
Heimilisfræði	41	Náttúrufræði	10	Raungreinar	3
Forfallakennsla	34	Íþróttir	10	Leiklist	2
Smíði	25	Handmennt	8	Sænska	1
Enska	23	Valgreinar	8	Kristinfræði	1
Íslenska	22	Nýbúakennsla	8	Lífsleikni	1
Sérkennsla	21	Textíl	7	Eðlisfræði	1
Tónmennt	17	Listir	5	Norska	1
Upplýsingatækni	17	Danskennsla	4	Aðstoðarkennsla	1
Stærðfræði	16	Pólska	4	Spænska	1
Danska	16	Tæknimennt	4	Franska	1

Skipting umsækjenda eftir aldri var eftirfarandi:

Aldur umsækjenda								
	08/09	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%
20 ára og yngri	1	0,2	0,2		0,5	0	0,0	0,0
21 - 30 ára	152	31,9	29,4	19,7	21,9	20,1	23,8	25,1
31 - 40 ára	155	32,5	33,0	33,8	30	34,5	34,9	37,5
41 árs og eldri	169	35,4	37,4	46,5	47,6	45,4	41,2	37,5
Samtals	477							

Eins og sjá má á töflu um aldur umsækjenda er flest starfsfólk á aldrinum 41 árs og eldri og hefur svo verið allt frá skólaárinu 2003/2004 fram til dagsins í dag.

Undanþágunefnd grunnskóla starfar nú eftir lögum nr. 87/2008 eins og áður hefur verið vikið að. Lögin hafa ákveðnar breytingar í för með sér fyrir starfsemi nefndarinnar. Með bréfi, dags. 19. mars 2009 til skólastjóra vakti undanþágunefnd grunnskóla athygli á lögnum og nokkrum nýmælum sem í þeim felast.

Má þar m.a. nefna að af orðalagi 18. gr. laganna leiðir, að auglýsa ber lausar kennslustöður a.m.k. tvisvar sinnum. Þó er undanþágunefnd heimilt, sbr. 3. mgr. 18. gr. að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu.

Skólastjóra er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Samkvæmt greininni er skólastjóra heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

Í fylgiskjali við kjarasamning Félags grunnskólakennara og Launaneftdar sveitarfélaga þar sem fjallað er um auglýsingar starfa segir m.a. eftirfarandi: „Öll störf skulu auglýst laus til umsóknar á opinberum vettvangi. Skal það gert með 14 daga fyrirvara að jafnaði. Þó er ekki skylt að auglýsa afleysingastörf, svo sem vegna fæðingarorlofs, námsleyfis eða veikinda, eða störf þar sem ráðning skal standa 12 mánuði eða skemur eða tímavinnustörf.”

Undanþágunefnd lítur svo á að ofangreint frávik frá skyldu um að auglýsa starf eigi einungis við þegar um er að ræða kennara með leyfisbréf. Hafi skólastjóri ekki tök á að ráða einstakling með leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi til að sinna afleysingastörfum ber að auglýsa stöðuna.

Hvað varðar birtingarstað auglýsinga lítur undanþágunefnd svo á að nægilegt sé að auglýsa annað hvort í dagblaði sem borið er út á landsvísu eða á sérstöku vefsvæði um laus störf hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Að lokum er rétt að geta þess að almennt hefur samstarf undanþágunefndar grunnskóla við skólastjóra gengið vel. Mikilvægt er að umsóknir til nefndarinnar séu vel unnar og að þeim fylgi viðeigandi gögn og upplýsingar. Þetta á sérstaklega við um upplýsingar um hvernig auglýsingaskyldu um kennslustöður hefur verið uppfyllt og í tilvikum þegar um er að ræða að skólastjóri vill ráða starfsfólk án réttinda þrátt fyrir að fyrir liggja umsóknir frá réttindakennurum. Þá hefur því miður hefur borið á því að einstaka skólar hafa ráðið til kennslu starfsfólk sem ekki hefur kennsluréttindi á grunnskólastigi án þess að sækja um heimild til undanþágunefndar grunnskóla. Slíkt er ekki heimilt samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða kennslu í 240 mínútur eða minna á viku.

Reykjavík, 30. október 2009

f.h. undanþágunefndar grunnskóla

Sigríður Lára Ásbergsdóttir, formaður